

Kjöttvinnsla sem fer fram í húsakynnum sláturhúsa skal vera undir eftirliti kjötskoðunar-læknis. Heilbrigðiseftirlit með öðrum kjöttvinnslustöðvum (kjötverkunarstöðvum), er í höndum heilbrigðisnefnda, sbr. Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1992.

Halldór Blöndal

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992, um loðnuveiðar |1992/1993.

1. gr.

1. töluliður 3. gr. orðist svo:

Í lögsögu Íslands eru loðnuveiðar bannaðar til 1. nóvember 1992 á eftirgreindum svæðum:

- A. Vestan 18°V eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°45'N.
- B. Austan 18°V eru loðnuveiðar bannaðar sunnan 67°15'N.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. ágúst 1992.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 304 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Eldri fullvinnsluskip sbr. 10. gr. skulu sækja um leyfi fyrir 1. október 1992.

2. gr.

Í stað "1. september 1992", í 8. gr. reglugerðarinnar komi: 1. nóvember 1992.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54. 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 24. ágúst 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 315

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1991.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1991.

	Tekjur:	Kr.
Vextir af bankainnstæðum		4 180,25
		<hr/> 4 180,25
	Gjöld:	
Tekjur umfram gjöld		4 180,25
		<hr/> 4 180,25

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1991.

Eignir:

Bankainnstæður	44 128,57
	<hr/> 44 128,57

Skuldir:

Höfuðstólsreikningur:

Hrein eign pr. 1. janúar 1991	kr. 39 948,32	
Hreinar tekjur árið 1991	kr. 4 180,25	44 128,57
		<hr/> 44 128,57

Samgönguráðuneytið, 24. ágúst 1992.

Halldór S. Kristjánsson.